

**163. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti
16-18,
7. júlí 2020 og hófst hann kl. 13:00.**

Fundinn sátu:

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Ólafur Adolfsson varaformaður, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs og Sindri Birgisson umhverfisstjóri.

Fundargerð ritaði: Sigurður Páll Harðarson, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

Fyrir tekið:

1. 2006227 - Endurhönnun grunnskólalóða

Framkvæmd á 1.áfangu endurgerðar lóðar við Brekkubæjarskóla.

Fyrir liggur tillaga frá starfshópi um endurhönnun grunnskólalóða. Fyrsti framkvæmdahluti er áfangi á endurgerð lóðar við Brekkubæjarskóla. Í þeim áfanga felast framkvæmdir við aparólu, nýja boltavelli s.s. körfuboltavöll og pókóvelli, mótun á sleðabrekku og setþrepum. Áætlaður kostnaður fjárfestingar er um 10 milljónum króna umfram það sem reiknað var með í fjárhagsáætlun 2020. Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð að gerður verði viðauki við fjárhagsáætlun 2020 vegna þessa mismunar.

2. 2007045 - Garðalundur - öryggismyndavélar

Uppsetning öryggismyndavéla við Garðalund

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að settar verði upp öryggismyndavélar í Garðalundi til að lágmarka líkur á frekari skemmdaverkum. Sett verður upp í samræmi við ábendingu persónuverndarfulltrúa skilti sem greinir frá því að upptaka sé í gangi og hver sé ábyrgðaraðili. Áætlaður kostnaður er um 300 þúsund krónur og verður hann tekin af málafllokki 11, umhverfismál.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14.00.